

# Brúntjara



## Efnislýsing

Brúntjara er lituð trétjara í klassíska brúna litnum sem á uppruna sinn í rómantíska tímabilinu á 19. öld. Um 100 árum síðar eru brúnir viðarlitir aftur vinsælir. Brúntjara hefur, eins og nafnið gefur til kynna, brúnan tón sem fer vel á viðaryfirborði og er einmitt ætluð til yfirborðsmeðferðar á við utanhúss. Brúntjaran hefur einstaklega verndandi eiginleika gegn rotnun enda framleidd úr náttúrulegum efnum sem tréð sjálft notar gegn örverum. Tjaran smýgur vel inn í viðinn og brúna litarefnið verndar hann gegn UV-geislun sólarinnar ásamt því að gefa fletinum fallegan mattan lit. Brúntjara hentar víða, m.a. við málun eldri og nútíma timburhúsa.

## Meðhöndlun

Best er að bera brúntjöru á í hlýju veðri því þá er auðveldra að vinna með hana og hún smýgur betur inn í viðinn. Hægt er að hita tjöruna í 50°C eða þynna hana með balsamterpentínu til að gera hana meira léttfljótandi. Þá verður yfirborðið fyrr matt og áferð viðarins meira áberandi. Mælt er með að þynna tjöruna með 20% balsamterpentínu á ómeðhöndlað timbur og tjargaða fleti en 30-40% á bjálkahús og heflaðan við.

Ekki er þörf á sérstökum grunni og er brúntjaran borin beint á viðinn. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Málartvätt og Original Hustvätt. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að bursta óhreinindi og ryk í burt áður en hafist er handa.

Notið breiðan pensli, um 70-100mm breiðan. Berið tjöruna á eins og „venjulega“ málningu og forðist að hafa of þykk lög. Málið a.m.k. tvær umferðir til að fá sem bestu vatnsvörnina og jafnari lit. Hins vegar er í lagi að láta seinni umferðina bíða í allt að einu ári ef svo ber undir. Mælt er með að bera á aftur eftir 3-7 ár, allt eftir álagi á flötinn. Hin þekktu tjöruylkt dofna fljótlega og er að mestu farin eftir mánuð.

Hafa ber í huga að tjara er náttúruleg afurð sem getur verið nokkuð breytileg í útliti eftir framleiðslulutum. Ef margar dósir þarf í verkið er best að blanda innihaldinu úr þeim öllum saman. Þannig fæst örugglega sami litatónn á allan flötinn.

ATH! Hrærið vel upp í dósinni áður en hafist er handa því litarefnið getur botnfallið. Ágætt er að hræra annað slagíð í dósinni meðan á verki stendur.

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Litur:** Brúnn

**Þynning:** Balsamterpentína, EKKI venjuleg terpentína

**Þurrktími:** 1-3 sólarhringir. Fer eftir undirlagi, veðri og vindum.

**Endurmálun:** Um 24 klst, fer eftir veðri

**Fullþornað:** 1 vika

**Lágmarkshiti við málun:** +10°C

**Þekja:** 5-8 m<sup>2</sup>/l. Fer eftir undirlagi

**Umbúðir:** 3 lítra dósir

**Hreinsun:** Balsamterpentína eða sápa/vatn

**Ending:** 24 mánuðir (í lokaðri dós)

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.)**

Inniheldur mest 300 g/l



**SÉREFNI**

Dalvegur 32b, 201 Kópavogur | sími 517 0404 | serefni.is